

Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015
Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 1998-2018
Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025

UMHVERFISMAT BREYTINGA Á AÐALSKIPULAGI

EFNISYFRLIT

1	INNGANGUR	1
1.1	FORSENDUR AÐALSKIPULAGSBREYTINGA	1
1.2	KYNNINGAR OG SAMRÁÐ	3
2	STAÐA SKIPULAGS OG FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR	4
2.1	NÚVERANDI LANDNOTKUN OG FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR	4
2.2	STAÐHETTIR Á SKIPULAGSSVÆÐI	5
3	UMHVERFISMAT	6
3.1	AÐFERÐAFRÆÐI	6
3.1.1	Áhrifaþættir	6
3.1.2	Umhverfisþættir og viðmið	6
3.2	KOSTIR.....	7
3.2.1	Valkostir fyrir staðsetningu iðnaðarsvæða í Reykjanesbæ	8
3.2.2	Valkostir fyrir staðsetningu iðnaðarlóðar fyrir álver.....	9
3.2.3	Háspennulínur	10
3.2.4	Núllkostur.....	11
3.3	SAMRÆMI VIÐ NÚGILDANDI ÁÆTLANIR SVEITARFÉLAGA OG RÍKIS	12
3.4	UMHVERFISMAT SKIPULAGSBREYTINGA	13
3.4.1	Vöktun.....	14
3.5	MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR	15
4	SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR	16

1 INNGANGUR

Umfjöllun þessarar umhverfisskýrslu tekur til breytinga á þremur aðalskipulagsáætlunum, þ.e.

- Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015
- Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 1998-2018
- Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025

Í skýrslunni er forsendum og niðurstöðum í umhverfismati á breytingum ofangreindra áætlana gerð skil. Samhliða aðalskipulagsbreytingunum er unnið að mati á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík þar sem finna má ítarlegri upplýsingar um ýmsa þætti.

Tilgangur umhverfismatsins er að greina frá mögulegum áhrifum þeirra skipulagsbreytinga sem lagðar eru til grundvallar á skilgreinda umhverfisþætti.

1.1 FORSENDUR AÐALSKIPULAGSBREYTINGA

Reykjanesbær

Reykjanesbær hefur í mörg ár stefnt að uppbyggingu orkufreks iðnaðar, s.s. álvers. Megintilgangur þess að gera ráð fyrir stóriðju og orkufrekum iðnaði innan marka sveitarfélagsins er að fjölga störfum í sveitarfélaginu, auka fjölbreytni þeirra og um leið að nýta jarðhitaorku á Suðurnesjum til iðnaðarframleiðslu.

Reykjanesbær hefur á undanförunum árum markað þá stefnu að uppbygging hefðbundins iðnaðar skuli fara fram í Helguvík. Samhliða hefur verið dregið úr eða fallið frá uppbyggingu iðnaðar annars staðar í sveitarfélaginu, t.d. á Reykjanesi. Svæði fyrir stóriðju við Vogastapa hefur verið fellt út úr skipulagi og gert að íbúðarsvæði. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir uppbyggingu iðnaðar austan við aðveitustöðina á Fitjum.

Iðnaðarsvæði í Helguvík hefur ótvíræða kosti fram yfir aðra staðarvalskosti í sveitarfélaginu. Góðar vegtengingar eru að Helguvík, nálægð við höfn og alþjóðlegan flugvöll er mjög mikilvæg og svæðið er í ásættanlegri fjarlægð frá íbúðabyggð. Sveitarfélagið stefnir á að nýta þessa kosti og gerir ráð fyrir að á næstu árum muni ýmiss konar iðnaður byggjast upp í Helguvík. Þá er helst litið orkufreks iðnaðar, t.d. álvers, og iðnaðar sem tengist starfsemi alþjóðlegs flugvallar.

Til þess að iðnaðarsvæðið í Helguvík geti laðað að þann iðnað sem sveitarfélagið stefnir á að fá til sveitarfélagsins, þarf að vera nægt landrými, aðgengi að veitum, góðar samgöngur, góð hafnaraðstaða og nauðsynlegt framboð af raforku. Þessir þættir eru til staðar að undanskilinni raforkunni.

Leggja þarf tvær 245 kV háspennulínur að álveri við Helguvík. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um legu háspennulína en að svo stöddu er gert ráð fyrir að línur liggi frá aðveitustöðinni í Hamranesi og aðveitustöðinni við Rauðhóla. Reykjanesbær gerir þær kröfur að nýjar háspennulínur fylgi núverandi háspennulínum, sem eru 132 kV. Sveitarfélagið gerir því ráð fyrir ákveðnu mannvirkjabelti fyrir orkuflutning að iðnaðarsvæðinu í Helguvík.

Þess ber að geta að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Reykjanesbæjar er hafin og er gert ráð fyrir að henni ljúki árið 2008. Breytingar á aðalskipulagi nú er gerð til að

flýta fyrir uppbyggingu iðnaðaðar á svæðinu og vinna þar með gegn þeim áhrifum sem brotthvarf varnarliðsins hefur haft á atvinnulíf og samfélag á Suðurnesjum. Brotthvarf varnarliðsins verður til þess að nýir möguleikar skapast í nýtingu lands við Helguvík og því telur sveitarfélagið mikilvægt að breyta aðalskipulagi.

Sveitarfélagið Garður

Uppbygging iðnaðar við Helguvík í Reykjanesbæ og í sveitarfélaginu Garði er talin heppileg þar sem til staðar er gott landrými, aðgengi að veitum, góðar samgöngur, góð hafnaraðstaða. Það sem á vantar er aðgengi að orku.

Framtíðarsýn Sveitarfélagsins Garðs 2007-2010 kveður á um eftirfarandi:

- Unnið skal að fjölgun góðra atvinnutækifæra í samvinnu við nágrannasveitarfélög. Þannig verður íbúum sköpuð fleiri tækifæri til góðra starfa nærri heimilum sínum.
- Hannað verður nýtt aðal- og deiliskipulag við Helguvík þar sem gert er ráð fyrir álveri og tengdum byggingum.
- Hannað verður sameiginlegt skipulag á atvinnusvæðinu við Helguvík með tilliti til atvinnuuppbyggingar í samvinnu við Reykjanesbæ, báðum bæjarfélögum til hagsbóta.
- Verður unnið að því að laða fyrirtæki til bæjarfélagsins.

Iðnaðarsvæði við Helguvík hefur ótvíræða kosti fram yfir aðra staðarvalskosti í sveitarfélaginu. Góðar vegtengingar eru að Helguvík, nálægð við höfn og alþjóðlegan flugvöll er mjög mikilvæg og svæðið er í ásættanlegri fjarlægð frá íbúðabyggð.

Brotthvarf varnarliðsins og reglugerð nr. 38/2007 um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not, gefur sveitarfélögunum ný tækifæri á nýtingu lands. Sveitarfélögin Reykjanesbær, Sandgerði og Garður hafa kannað möguleika á uppbyggingu á iðnaði og annarri starfsemi í tengslum við alþjóðlegan flugvöll.

Breytingar á aðalskipulagi nú er gerð til að flýta fyrir uppbyggingu á iðnaði á svæðinu og vinna þar með gegn þeim áhrifum sem brotthvarf varnarliðsins hefur haft á atvinnulíf og samfélag á Suðurnesjum. Brotthvarf varnarliðsins verður til þess að nýir möguleikar skapast í nýtingu lands við Helguvík og því telur sveitarfélagið mikilvægt að breyta aðalskipulagi.

Orkuöflun fyrir iðnað

Norðurál hefur rætt við Hitaveitu Suðurnesja (HS), Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Landsvirkjun (LV) um möguleika á öflun raforku til Helguvíkur. Í byrjun júní 2006 undirrituðu Norðurál, HS og OR viljayfirlýsingu um raforkusölu til fyrirhugaðs álvers við Helguvík. Stefnt er að afhendingu orku fyrir fyrsta áfanga álversins árið 2010. Í viljayfirlýsingunni er gert ráð fyrir að orkuframleiðendurnir reyni að útvega allt að 435 MW, sem dugar fyrir allt að 250.000 t afkastagetu álversins á ári.

Orkuveita Reykjavíkur vinnur að undirbúningi tveggja jarðvarmavirkjana á Hellisheiði, sem eru 135 MW_e Bitruvirkjun og 90 MW_e Hverahlíðarvirkjun. Virkjanirnar eru báðar matsskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. og er matsferli þeirra hafið.

Hitaveita Suðurnesja er með nokkra raforkukosti til athugunar. Um er að ræða stækkun Reykjanesvirkjunar um allt að 75 MW_e og litla stækkun í Svartsengi, eða

um 10 MW_e. Einnig liggur fyrir sameiginlegt rannsóknarleyfi í Krýsuvík, það er fyrir Sandfell, Seltún og Austurengjar og Trölladyngju. Orkuöflunargeta hvers svæðis er talin 100 MW_e. Allar virkjanaframkvæmdir eru háðar lögum nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum.

1.2 KYNNINGAR OG SAMRÁÐ

Fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar hafa verið kynntar aðliggjandi sveitarfélögum. Eftirfarandi umsagnar- og hagsmunaaðilum voru send skipulagsgögn til umsagnar:

- Umhverfisstofnun
- Fornleifavernd ríkisins
- Kirkjugarðar Keflavíkur
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Skipulags-, byggingar-, og umhverfisnefnd varnarsvæða
- Siglingastofnun
- Flugmálastjórn
- Vegagerðin

Haldnir voru almennir kynningarfundir í Reykjanesbæ og Garði vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru.

2 STAÐA SKIPULAGS OG FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR

2.1 NÚVERANDI LANDNOTKUN OG FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 1998-2018

Svæðið sem breytingin nær til er að stærstum hluta skilgreint sem varnarsvæði. Að öðru leyti er um óbyggð svæði að ræða, en einnig nær breytingin til hluta golfvallar í Leiru. Hluti fjarsvæðis vatnsverndar nær einnig inn á skipulagssvæðið.

Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar eru eftirfarandi:

- Varnarsvæðið er minnkað, þ.e. hluti tekinn í borgaraleg not sbr. auglýsingu 38/2007 úr stjórnartíðindum.
- Aðkoma frá Garðskagavegi (olíuvegur) er aflögð, en ný aðkoma frá Reykjanesbæ er fyrirhuguð.
- Tillaga að þynningarsvæði, eða umhverfismörk sem sett eru í reglugerðum vegna útblásturs frá fyrirhuguðu álveri er skilgreint.
- Jarðstrengir (245 kV) munu liggja frá aðveitustöðinni við Fitjar að iðnaðarsvæðinu. Jarðstrengir eru háðir mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Nánari umfjöllun um legu jarðstrengja verður í mati á umhverfisáhrifum.
- Iðnaðarsvæðið fyrir olíubirgðastöð er minnkað.

Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015

Svæðið sem um ræðir er að stærstu leyti iðnaðarsvæði. Meðfram sjónum norðan við höfnina er skilgreint opið svæði. Vestur af iðnaðarsvæðinu í Helguvík, vestan Garðskagavegar, eru hesthús og skeiðvöllur Hestamannafélagsins Mána. Á þessu svæði eru einnig gömul tún og beitolönd, meðal annars afgirt tún fyrir hrossabeit. Annars staðar hefur beit verið hætt. Þarna er einnig svæði sem skilgreint er fyrir verslun og þjónustu. Kirkjugarður er staðsettur við Garðskagaveg.

Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar eru eftirfarandi:

- Varnarsvæðið er minnkað, þ.e. hluti tekinn í borgaraleg not sbr. auglýsingu 38/2007 úr stjórnartíðindum. Lögsaga Sveitarfélagsins Garðs liggur því að Reykjanesbæ að norðanverðu í stað varnarsvæðis.
- Gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði undir margvíslegan iðnað sem nýtir hafnar- aðstöðuna í Helguvík. Álver er fyrirhugað á nýju iðnaðarsvæði í Sveitarfélaginu Garði og að hluta á iðnaðarsvæðinu í Helguvík, Reykjanesbæ.
- Ný aðkoma frá Reykjanesbæ er fyrirhuguð inn á olíuveg.
- Tillaga að þynningarsvæði, eða umhverfismörk sem sett eru í reglugerðum vegna útblásturs frá fyrirhuguðu álveri er skilgreint.
- Grjótvarnargarðinum í Helguvík er breytt til austurs. Núverandi viðlegukantur er lengdur til austurs og nýr viðlegukantur er fyrirhugaður sunnan í víkinni. Við nýja viðlegukantinn er súrálsskipum ætluð löndunaraðastaða í súrálsgeyma sem þar er ætlað að vera.

- Hafnarsvæðið við Helguvíkurböfn er afmarkað.
- Kirkjugarðurinn minnkar til vesturs í samræmi við lóðarsamning.

Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025

Svæðið sem breytingin nær til er að stærstum hluta skilgreint sem óbyggð svæði utan við olíutanka nálægt Helguvíkurböfn sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði. Vatnsvernd er skilgreind að hluta vestast á breytingarsvæði.

Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar

Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar felast í því að varnarsvæðið er minnkað, þ.e. hluti tekinn í boraraleg not sbr. auglýsingu 38/2007 úr stjórnartíðindum. Lögsaga Sveitarfélagsins Garðs liggur því að Reykjanesbæ að norðanverðu í stað varnarsvæðis.

2.2 STADHÆTTIR Á SKIPULAGSSVÆÐI

Náttúrufar

Svæðið í heild er töluvert grýtt, einkum er mikið um grjót og klappir nærri sjó. Fjaran er stórgrýtt og upp af henni er um 20 m hátt klettabelti. Jarðvegur er þunnur og þurr í nágrenni Helguvíkur eins og á Suðurnesjum öllum¹.

Fornleifar og menningarminjar

Unnin hefur verið fornleifaskráning á skipulagssvæðinu í Helguvík. Samkvæmt henni eru fyrst og fremst vörður og hleðslur á svæðinu. Fornleifar eru merktar inn á skipulagsupprætti.

Núverandi starfsemi á iðnaðarsvæði við Helguvík

Nokkur fyrirtæki eru starfrækt við Helguvík. Þau eru Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar, Alur álvinnsla hf., Aalborg Portland sementsgeymsla og dreifingarmiðstöð fyrir pakkað sement, Malbikunarstöð Suðurnesja og Kalka, sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Þar er einnig æfingasvæði Brunavarna Suðurnesja.

Landslag og sjónrænir þættir

Landslag á Helguvíkursvæðinu er fremur einsleitt og flatt, 21-26 m y.s., og eingöngu eru þar lágar öldur með lægðum á milli. Næsta þéttbýli við iðnaðarsvæðið í Helguvík er byggðin í Reykjanesbæ í suðri. Þau hús sem næst standa eru í um 1,7 km fjarlægð frá mannvirkjunum eins og þau eru ráðgerð.

¹ Hörður Kristinsson, 1984. Kristbjörn Egilsson o.fl., 1986.

3 UMHVERFISMAT

3.1 AÐFERÐAFRÆÐI

Umhverfismatið er unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Við matið er stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

Framkvæmd stefnu aðalskipulagsbreytinganna leiðir af sér framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.b. Mat á umhverfisáhrifum er á ábyrgð framkvæmdaaðila og þarf að fara fram áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Í þessu tilviki er um að ræða uppbyggingu álvers við Helguvík og lagningu háspennulína að álverinu.

Hér á eftir er greint frá þeim áhrifa- og umhverfisþáttum sem lagðir voru til grundvallar umhverfismati sem og umfangi matsins. Einnig er greint frá þeim viðmiðum sem notuð eru sem mælikvarði á áhrif stefnu aðalskipulagsbreytinga á viðkomandi umhverfisþætti.

Umhverfismatið er unnið í samráðshópi sem samanstendur af aðilum frá sveitarfélögunum tveimur og ráðgjöfum þeirra sbr. **töflu 1**.

Tafla 1 Rýnihópur í umhverfismati áætlanna.

	Aðilar	
Aðilar frá bæjarfélögum	Páll S. Pálsson	Sveitarfélagið Garður
	Pétur Jóhannsson, hafnarstjóri	Reykjanesbæ
Ráðgjafar	Rúnar D. Bjarnason – samræmingaraðili	HRV
	Stefán Gunnar Thors	VSÓ
	Helga Bragadóttir	Kanon arkitektar

3.1.1 ÁHRIFAPÆTTIR

Eftirfarandi þættir aðalskipulagsbreytinganna eru helst taldir geta valdið umhverfisáhrifum:

- Bygging og rekstur álvers við Helguvík.
- Flutningslínur raforku.

3.1.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

Við greiningu umhverfisþátta fyrir aðalskipulagsbreytingar í nágrenni Helguvíkur var tekið mið af fyrirliggjandi gögnum um grunnástand umhverfis og reynslu af framkvæmdum, sambærilegum þeim sem skipulagsáætlanirnar munu leiða af sér.

Tekið er mið af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Að auki eru nýttar upplýsingar sem úr mati á umhverfisáhrifum álvers við Helguvík.

Helstu umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar aðalskipulagsbreytingunum eru að breytingarnar varði hagsmuni sem fæstra og að þær hafi engin sem óveruleg áhrif

á nærliggjandi svæði. Þessi viðmið eru valin með það að markmiði að valda sem minnstri röskun fyrir íbúa og að valda umhverfinu sem minnstum skaða.

Umhverfispættir sem vinsaðir voru út og fjallað er nánar um í þessari skýrslu eru sýndir í **töflu 2**. Í töflunni er einnig tilvísun í þau viðmið sem notuð eru til að meta einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Tafla 2 Umhverfispættir og viðmið.

Náttúrufar		
Umhverfispættir	Lýsing umhverfispáttar/ vísir	Viðmið
Andrúmsloft	Gróðurhúsaáhrif/ losun gróðurhúsalofttegunda	Kyoto bókunin
	Losun brennisteinstvíoxíð, köfnunarefnistvíoxíð og flúors. Pynningarsvæði	<ul style="list-style-type: none"> • Reglugerð nr. 251/2002 • Viðmiðunarreglur Umhverfisstofnunar um flúoríð fyrir núverandi álver á Íslandi
Vatn	Vatnsvernd	Skipulagsáætlanir
Gróður og dýralíf	Válistategundir, tegundasamsetning	<ul style="list-style-type: none"> • Válistar • Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 • Alþjóðlegir samningar • Velferð til framtíðar.
Fornleifar og menningarminjar	Friðlýstar fornleifar, aðrar fornleifar	Þjóðminjalög nr. 107/2000
Landslag og sjónræn áhrif	Ásýndaráhrif frá mannaþróun og útivistarsvæðum	Núverandi staðsetning mannvirkja,
Samfélag		
Umhverfispættir	Lýsing umhverfispáttar/ vísir	Viðmið
Efnahagur og atvinnulíf	Fjölgun starfa, íbúaþróun.	Núverandi staða
Heilsa/hljóðvist	Hávaði vegna starfsemi	Reglugerð um hávaða nr. 933/1999

Einkenni og vægi áhrifa

Við mat á áhrifum stefnumiða er stuðst við eftirfarandi hugtök sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttar, viðmið, einkenni og vægi:

- Bein/óbein áhrif
- Jákvæð/neikvæð áhrif
- Veruleg/óveruleg áhrif

3.2 KOSTIR

Samanburður kosta vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga er þríþættur:

- a) Samanburður á svæðum fyrir staðsetningu iðnaðar í Reykjanesbæ.
- b) Samanburður á svæðum fyrir staðsetningu álvers.
- c) Samanburður á kostum vegna háspennulína frá Fitjum að Helguvík.

3.2.1 VALKOSTIR FYRIR STAÐSETningu iðnaðarsvæða í Reykjanesbæ

Við val á svæðum fyrir iðnað hefur Reykjanesbær kannað nokkra staðarvalskosti fyrir stóriðju. Þeir helstu eru:

- Helguvík
- Við Stapavog
- Á svæði austan aðveitustöðvar á Fitjum, sunnan Reykjanesbrautar.

Eins og sjá má í **töflu 3** er í samanburði á valkostum litið til margvíslegra þátta, m.a. samgangna, landrýmis, nálægðar við íbúðabyggð, aðgengi að nauðsynlegum aðföngum, umhverfisþátta og mögulegra áhrifa iðnaðar á aðra landnotkun.

Tafla 3 Samanburður á staðarvali fyrir iðnaðaruppbyggingu í Reykjanesbæ.

Umhverfisþættir	Helguvík	Við Stapavog	Austan við Fitjar
Landrými	Nægt landrými.	Nægt landrými	Hugsanlega nægt landrými
Samgöngur	Góðar vegtengingar.	Góðar vegtengingar, m.a. við Reykjanesbraut.	Góðar vegtengingar.
Aðgengi / nálægð við höfn í Helguvík	Mjög gott aðgengi að höfn. Stuttar vegalengdir.	Aðgengi að höfn. Lengri flutningaleiðir þungabifreiða.	Aðgengi að höfn. Lengri flutningaleiðir þungabifreiða.
Nálægð við íbúðabyggð	Fjarlægð við íbúðabyggð ásættanleg. Engin byggð innan tillögu að þynningarsvæði.	Of nálægt íbúðarbyggð. Byggð væntanlega innan þynningarsvæðis.	Of nálægt framtíðaríbúðarsvæðum, sem yrðu innan þynningarsvæðis.
Áhrif á ásýnd Reykjanesbæjar	Uppbygging fjarri megin-aðkomuleið að Reykjanesbæ. Óveruleg áhrif á ásýnd bæjarins	Uppbygging við aðkomu að Reykjanesbæ. Veruleg áhrif á ásýnd bæjarins.	Uppbygging við aðkomu að Reykjanesbæ. Veruleg áhrif á ásýnd bæjarins.
Áhrif á heilsu	Engin/óveruleg áhrif á heilsu íbúa. Óvissa um áhrif hávaða frá iðnaðarsvæði.	Möguleiki á áhrifum á heilsu íbúa. Óvissa um áhrif hávaða frá iðnaðarsvæði.	Möguleiki á áhrifum á heilsu íbúa. Óvissa um áhrif hávaða frá iðnaðarsvæði.
Áhrif á aðra landnotkun	Óveruleg áhrif á aðra landnotkun. Engin íbúðabyggð innan iðnaðarsvæðis. Hluti beitarlands hestafélags innan tillögu að þynningarsvæði.	Veruleg áhrif á aðra landnotkun. Áhrif á núverandi og fyrirhugaða íbúðabyggð. Ósamrýmanleg landnotkun.	Mikil áhrif á aðra landnotkun. Áhrif á framtíðarbyggð sunnan við Reykjanesbraut.
Aðgengi raforku	Lengst frá aðveitustöðinni við Fitjar. Háspennulínur fara yfir tiltölulega óraskað svæði	Stutt frá aðveitustöðinni við Fitjar.	Mjög stutt frá aðveitustöðinni við Fitjar. Minnstar breytingar á landnotkun vegna nýrra háspennulína.
Áhrif á náttúrufar	Lítill áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á náttúruminjasrá eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifasvæðinu.	Lítill áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á náttúruminjasrá eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifasvæðinu.	Lítill áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á náttúruminjasrá eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifasvæðinu.
Áhrif á menningarminjar	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif

3.2.2 VALKOSTIR FYRIR STAÐSETningu IÐNAÐARLÓÐAR FYRIR ÁLVER

Nokkrir kostir hafa verið skoðaðir er varða staðsetningu álvers við Helguvík. Eftirfarandi þrjú kostir eru bornir saman:

- Kostur 1 – Álver innan bæjarmarka Sveitarfélagsins Garðs (Fyrirhuguð staðsetning).
- Kostur 2 – Álver staðsett norðvestan við núverandi hafnarbakka í Helguvík, hornrétt á ströndina.
- Kostur 3 – Álver staðsett með N-S stefnu, samsíða ströndinni, innan bæjarmarka Reykjanesbæjar en að hluta til í landi Sveitarfélagsins Garðs.

Tafla 4 Samanburður á staðsetningu lóðar fyrir álver við Helguvík.

Umhverfispættir	Kostur 1	Kostur 2	Kostur 3
Landrými	Nægt landrými.	Þrengsli. Full mikil nálægð við núverandi fyrirtæki og kirkjugarð.	Þrengsli. Full mikil nálægð við núverandi fyrirtæki
Samgöngur	Góðar vegtengingar.	Góðar vegtengingar.	Góðar vegtengingar.
Aðgengi / nálægð við höfn í Helguvík	Gott aðgengi að höfn, þó lengra en frá hinum staðsetningum.	Gott aðgengi að höfn.	Gott aðgengi að höfn.
Nálægð við íbúðabyggð	Fjarlægð við íbúðabyggð ásættanleg, fjarst byggð. Engin byggð innan tillögu að þynningarsvæði.	Fjarlægð við íbúðabyggð ásættanleg. Engin byggð innan þynningarsvæðis, en nokkuð nærri því.	Fjarlægð við íbúðabyggð ásættanleg. Engin byggð innan þynningarsvæðis, en nokkuð nærri því.
Áhrif á ásýnd Reykjanesbæjar	Uppbygging fjarri megin-aðkomuleið að Reykjanesbæ. Óveruleg áhrif á ásýnd bæjarins.	Uppbygging fjarri megin-aðkomuleið að Reykjanesbæ. Óveruleg áhrif á ásýnd bæjarins, en álver þó nær byggð í kosti 1.	Uppbygging fjarri megin-aðkomuleið að Reykjanesbæ. Óveruleg áhrif á ásýnd bæjarins, en álver þó nær byggð en í kosti 1.
Áhrif á heilsu	Engin áhrif á heilsu íbúa. Áhrif vegna hljóðvistar óveruleg.	Engin áhrif á heilsu íbúa. Áhrif vegna hljóðvistar óveruleg.	Engin áhrif á heilsu íbúa. Áhrif vegna hljóðvistar óveruleg.
Áhrif á aðra landnotkun	Óveruleg áhrif á aðra landnotkun. Engin íbúðabyggð innan iðnaðarsvæðis. Hluti beitjarlands hestafélags innan tillögu að þynningarsvæði.	Óveruleg áhrif á aðra landnotkun. Engin íbúðabyggð innan iðnaðarsvæðis. Hluti beitjarlands hestafélags innan þynningarsvæðis.	Óveruleg áhrif á aðra landnotkun. Engin íbúðabyggð innan iðnaðarsvæðis. Hluti beitjarlands hestafélags innan þynningarsvæðis.
Aðgengi raforku	Langt frá aðveitustöðinni við Fitjar. Háspennulínur fara yfir tiltölulega óraskað svæði.	Langt frá aðveitustöðinni við Fitjar. Háspennulínur fara yfir tiltölulega óraskað svæði.	Langt frá aðveitustöðinni við Fitjar. Háspennulínur fara yfir tiltölulega óraskað svæði.
Áhrif á náttúrufar	Lítill áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifsvæðinu.	Lítill áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifsvæðinu.	Lítill áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á Náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifsvæðinu.
Áhrif á menningarminjar	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.

Í mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers, verður gerð frekari grein fyrir áhrifum þess á umhverfið, s.s. á samfélag, hljóðvist, ásynd og náttúrufer. Þar koma einnig fram þær vöktunaráætlanir sem taldar eru nauðsynlegar skv. niðurstöðu matsins og í samræmi við lög og reglugerðir.

3.2.3 HÁSPENNULÍNUR

Háspennulínur fyrir framtíðariðnað í Helguvík koma líklega til með að liggja frá tengivirki í Hamranesi í Hafnarfirði og Rauðhólum í Reykjanesbæ. Nokkrir kostir fyrir legu háspennulína að iðnaðarsvæði í Helguvík hafa verið til skoðunar.

- i) Jarðstrengir frá Fitjum að iðnaðarsvæði.
- ii) Loftlínur suður og vestur fyrir flugvöll og að iðnaðarsvæði.
- iii) Sæstrengir að Helguvík

Í samanburði valkosta er litið til landnotkunar á hugsanlegum línustæðum, framtíðar landnotkunar m.t.t. endurskoðunar aðalskipulags Reykjanesbæjar, lengd háspennulína, mögulegra áhrifa línulagnar á aðra landnotkun, íbúa og náttúrufer.

Tafla 5 Valkostir fyrir legu háspennulína frá Fitjum að iðnaðarsvæði í Helguvík.

Umhverfisþættir	Loftlínur/jarðstrengir suður og vestur fyrir flugvöll	Jarðstrengir frá Fitjum	Sæstrengir
Landrými	Nægt landrými. Athuga þarf stefnumótun Sandgerðis um landnotkun.	Nægt landrými. Athuga þarf kvaðir og takmarkanir á landnotkun í nágrenni jarðstrengja.	Spurning um landrými.
Nálægð við íbúðabyggð	Háspennulínur í talsverðri fjarlægð frá núverandi íbúðabyggð. Athuga þarf áhrif á framtíðarbyggð vegna Motopark.	Jarðstrengur fer um byggt svæði. Athuga þarf möguleg áhrif. Athuga þarf áhrif á framtíðarbyggð vegna Motopark.	Raflína fer í sjó nálægt íbúðarbyggð. Athuga þarf möguleg áhrif þess. Athuga þarf áhrif á framtíðarbyggð vegna Motopark.
Áhrif á ásynd Reykjanesbæjar	Háspennulínan liggur að mestu um óbyggt svæði og hefur lítil áhrif á ásynd byggðra svæða. Huga þarf að legu háspennulína. Fylgja núverandi línunum og eru því á ákveðnu mannvirkjabelti.	Óveruleg áhrif á ásynd bæjarins. Huga þarf að legu háspennulína að Fitjum. Fylgja núverandi línunum og eru því á ákveðnu mannvirkjabelti.	Óveruleg áhrif á ásynd bæjarins. Huga þarf að legu háspennulína að Fitjum. Fylgja núverandi línunum og eru því á ákveðnu mannvirkjabelti.
Áhrif á heilsu	Engin/óveruleg áhrif á heilsu íbúa.	Líklega óveruleg áhrif á heilsu íbúa.	Líklega óveruleg áhrif á heilsu íbúa.
Áhrif á aðra landnotkun	Helgunarsvæði línanna er 60 til 80 m. Kanna áhrif á uppbyggingu við Motopark. Línur fara nærri Ósabatnum, sem eru á náttúruverndarsvæði. Ekki líkur á verulegum áhrifum, en skoða þarf í mati á umhverfisáhrifum.	Háspennulínur frá Hamranesi og Rauðamel fara að Fitjum. Helgunarsvæði línanna er 60 til 80 m. Kanna áhrif á uppbyggingu við Motopark. Kanna hvaða takmarkanir jarðstrengir hafa á byggð í nágrenni strengja.	Háspennulínur frá Hamranesi og Rauðamel fara að Fitjum. Helgunarsvæði línanna er 60 til 80 m. Kanna áhrif á uppbyggingu við Motopark. Kanna hvort að sæstrengur takmarkar notkun hafnar í Helguvík eða siglingaleiða.
Áhrif á náttúrufer	Lítill áhrif á gróðurfer og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á náttúruverndarsvæði eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifasvæðinu. Fer að hluta um eldhraun, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr.	Lítill áhrif á gróðurfer og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á náttúruverndarsvæði eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifasvæðinu. Fer að hluta um eldhraun, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr.	Lítill áhrif á gróðurfer og fuglalíf. Svæði nýtur ekki sérstakrar verndar, er ekki á náttúruverndarsvæði eða náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Engar sérstæðar jarðmyndanir á áhrifasvæðinu. Fer að hluta um eldhraun, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr.
Áhrif á menningarminjar	Óvissa. Afla þarf upplýsinga í mati á umhverfisáhrifum línufarmkvæmda.	Óvissa. Afla þarf upplýsinga í mati á umhverfisáhrifum línufarmkvæmda.	Óvissa. Afla þarf upplýsinga í mati á umhverfisáhrifum línufarmkvæmda.

Framkvæmdaraðili háspennulínanna er Landsnet og verður á þeirra vegum fjallað nánar um línuleiðirnar samhliða mati á umhverfisáhrifum þeirra og tilheyrandi breytinga á aðalskipulagi þeirra sveitarfélaga sem línurnar koma til með að liggja um.

3.2.4 NÚLLKOSTUR

Samhliða því að rýna í mögulega valkosti fyrir iðnaðaruppbyggingu og lagningu háspennulína hefur verið litið til svokallaðs núllkosta, þ.e. að ráðast ekki í uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu við Helguvík og lagningu háspennulína að því.

Núllkosturinn hefur það í för með sér að ekki verður um fjölgun starfa að ræða eða aukning á fjölbreytileika starfa í sveitarfélaginu. Eftir brottför varnarliðsins er mjög mikilvægt að stuðla að uppbyggingu atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og er iðnaður hluti af því.

Ef ekki verður af byggingu fyrirhugaðs álvers þarf ekki að skilgreina þynningarsvæði. Áhrif þess eru þó lítil þar sem það landsvæði sem gert er ráð fyrir að verði innan þynningarsvæðis er að stórum hluta innan skilgreinds iðnaðarsvæðis samkvæmt þeim breytingartillögum á skipulagi sem lagðar hafa verið til. Auk þess er, samkvæmt þeim skipulagsáætlunum sem nú eru í gildi, ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði innan tillögu að þynningarsvæði.

Áhrif þess að leggja ekki háspennulínur takmarkar frekari uppbyggingu á orkufrekum iðnaði, sem hefur neikvæð áhrif á atvinnulíf. Núllkosturinn veldur því að ekki verða takmarkanir á landnotkun sem lagning háspennulína hefði í för með sér.

Núllkosturinn yrði til þess að ekki yrðu ásýndarbreytingar vegna háspennulína og iðnaðaruppbyggingar.

Telja verður ólíklegt að forsendur breytist í framtíðinni í þá veru að setja niður íbúðabyggð norðan núverandi byggðar. Ástæðan er sú að svæðið þar norðan við, sem nú þegar er skipulagt sem iðnaðarsvæði, kemur til með að byggjast upp í kringum höfnina í Helguvík. Slík uppbygging hafnsækinna iðnfyrirtækja er nauðsynleg til að nýta betur þær fjárfestingar sem ráðist hefur verið í við Helguvíkurhöfn.

3.3 SAMRÆMI VIÐ NÚGILDANDI ÁÆTLANIR SVEITARFÉLAGA OG RÍKIS

Samræmi við núgildandi **Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015:**

- Fyrirhugaðar breytingar stangast ekki á við helstu stefnumið núverandi skipulagsáætlana, en eins og fram kemur í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 er smábátahöfnin í Grófinni nyrðri endapunktur í miðbæjarstarfsemi bæjarins. Í aðalskipulaginu kemur enn fremur fram að norðan Grófarinnar hafi fjölbreytt iðnaðarstarfsemi og verslun tengd smábátaútgerð góða vaxtarmögleika í framtíðinni.
- Fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar kalla á breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Reykjanesbæ. Deiliskipulagið er háð umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna stefnu um framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum.

Samræmi við núgildandi **Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 1998-2018:**

- Fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar kalla á gerð nýs deiliskipulags iðnaðarlóðar fyrir stóriðju í Sveitarfélaginu Garði. Deiliskipulagið er háð umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna stefnu um framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum.

Samræmi við **rammaskipulag fyrir Reykjanesbæjar:**

- Rammaskipulagið hefur það að markmiði að marka skýra stefnu og heildarsýn í uppbyggingu Reykjanesbæjar. Þar er stefna bæjaryfirvalda undirstrikuð um að framtíðaruppbygging bæjarfélagsins verði á nýju svæði til austurs.

Aðrar áætlanir sem litið hefur verið til vegna aðalskipulagsbreytinganna :

Náttúruminjaskrá: Svæðin sem fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar ná til eru ekki á náttúruminjaskrá.

Náttúruverndaráætlun 2004 til 2008: Svæðin sem fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar ná til eru ekki á náttúruverndaráætlun 2004 til 2008.

Kyoto-bókunin: Álver í Helguvík eykur heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, en sú losun brýtur ekki í bága við Kyoto-bókunina fyrir Ísland.

Alþjóðlegir samningar um náttúruvernd: Bernarsamningur, Ríósamningur o.fl. Ekki er talið að fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar komi til með að ganga gegn alþjóðlegum samningum um náttúruvernd. Meginástæða þess er að engin vísbending er til þess að á áhrifasvæði framkvæmda séu sjaldæfar tegundir eða búsvæði. Ítarlegri upplýsingum um áhrif á náttúrufar verður aflað í mati á umhverfisáhrifum, þar með talið áhrif á einstakar tegundir og búsvæði.

Byggðaáætlun 2006 til 2009: Í byggðaáætlun er hluti af meginmarkmiðum að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun, hröðum breytingum á atvinnuáttum og að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Meginstefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra 2004 til 2007: Eitt fjögurra meginstefnumiða er að auka fjölbreytni atvinnulífsins og bæta samkeppnisstöðu Íslands og treysta byggð á landsbyggðinni. Ein þeirra leiða sem nefndar eru, er að byggja iðjuver í Helgúvík.

Framtíðarstefna Reykjanesbæjar 2006 til 2010: Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting er í samræmi við framtíðarstefnu Reykjanesbæjar 2006 til 2010. Í henni er m.a. stefnt að því að nýta mikla möguleika samstarfs og samlegðar alþjóðaflugvallar og Helgúvíkurhafnar til atvinnusköpunar. Lögð er áhersla á að fjölga atvinnutækifærum og gera þau fjölbreyttari. Nefndur er sá möguleiki að Reykjanesið gæti orðið miðstöð flutninga á milli Ameríku og Evrópu.

Velferð til framtíðar – stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun til 2020: Í stefnumörkuninni er m.a. fjallað um markmið um heilnæmt andrúmsloft og takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum. Stefnumörkun um uppbyggingu stóriðju í Helgúvík hefur í för með sér aukinn útblástur mengunarefna. Gæðum ómengaðs lofts er þó viðhaldið utan tillögu að þynningarsvæði.

3.4 UMHVERFISMAT SKIPULAGSBREYTINGA

Í kafla 3.2 hér á undan eru þeir staðsetningarkostir sem litið hefur verið til, bornir saman út frá umhverfisáhrifum. Í þessum kafla er fjallað um áhrif þeirra breytinga sem settar eru fram í greinargerð og á uppdráttum.

Aðalskipulagsbreytingar vegna iðnaðar í Helgúvík og háspennulína að iðnaðarsvæði hefur áhrif á þá umhverfisþætti sem skilgreindir voru í kafla 3.1.2 hér á undan.

Helstu umhverfisþættir og umhverfisáhrif vegna breytinga á fyrirhuguðum aðalskipulagsáætlunum eru:

Loft: Gert er ráð fyrir að álver við Helgúvík með framleiðslugetu fyrir 250.000 tonn á ári, losi um 365.000 tonn af CO₂ í andrúmsloftið miðað við að heildarlosun koltvíoxíðs á framleitt tonn af áli sé um 1,46 t. Auk þess er losun á PFC efnum áætluð um 35.000 t/ári af CO₂ ígildum. Þessi losun, ásamt losun frá öðrum hugsanlegum stóriðjuframkvæmdum á næstu árum brýtur ekki í bága við Kyoto-bókunina, það er losun CO₂ á árunum 2008-2012 verður að meðaltali innan við 1,6 milljónir tonna. Útreikningar er sýna þetta og nánari umfjöllun er í mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers við Helgúvík.

Losun annarra efna frá álveri hefur bein áhrif á gæði andrúmslofts en óbein áhrif á heilsu manna og dýra og á gróður. Í viðmiðum fyrir áhrif útblásturs, svo sem reglugerð nr. 251/2002, er að finna bæði heilsuverndar- og gróðurverndarmörk. Þar sem styrkur efna er undir þessum viðmiðunarmörkum ættu áhrif að vera óveruleg. Þynningarsvæði loftmengunar er skilgreint út frá losun mengunarefna frá álverinu. Þynningarsvæðið sem gerð er tillaga um í aðalskipulagsbreytingunum miðast við gróðurverndarmörk þó svo að kvaðir séu um skv. reglugerð að föst búseta er ekki leyfð innan þess.

Jarðfræði, gróður og dýralíf: Uppbygging iðnaðar og lagning háspennulína hefur bein áhrif á náttúrufar, s.s. jarðfræði, gróður og dýralíf. Fyrirhuguð mannvirki eru utan svæða sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum. Í gróðurathugun sem farið hefur fram á iðnaðarsvæðinu við Helgúvík fundust hvorki plöntur né gróðursamfélög

sem njóta verndar eða eru á valista Náttúrufræðistofnunar. Heilt yfir er fyrirséð að áhrif fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á náttúruvernd verði óveruleg en áhrif á gróður, innan tillögu að þynningarsvæði, eru talin frá því að vera neikvæð næst álverinu til óveruleg þegar fjær dregur.

Hluti línustæðis háspennulína kemur til með að fara yfir eldhraun, sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Nánar verður greint frá því í frummatsskýrslu línanna, hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum og þá hvers konar áðgerðir væru mögulegar.

Fornleifar og menningarminjar: Fornleifaskráning hefur farið fram á iðnaðarsvæði við Helguvík og áhrifasvæði fyrirhugaðs álvers. Samkvæmt henni eru fyrst og fremst vörður og hleðslur á svæðinu. Allar líkur eru á að með fyrirhugaðri staðsetningu álversins skaðist fornleifar ekki og áhrif því óveruleg. Leitað verður umsagnar Fornleifaverndar ríkisins varðandi staðsetningu fornleifa innan iðnaðarlóðar í deiliskipulagi svæðisins.

Afla þarf upplýsinga um möguleg áhrif háspennulína á fornleifar og menningarminjar í mati á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda.

Landslag og sjónræn áhrif: Uppbygging iðnaðarsvæðisins og lagning háspennulína í lofti veldur ásýndarbreytingum. Fyrirhuguð álversmannvirki eru hins vegar að stærstum hluta nærri þegar byggðum mannvirkjum á iðnaðarsvæði en fjarri núverandi íbúðarbyggð. Þá er gert ráð fyrir jarðvegsmönnum sem draga munu úr ásýndaráhrifum. Helstu áhrifin verða vegna legu háspennulína, sérstaklega nærri framtíðarbyggð við Motopark. Í mati á umhverfisáhrifum fyrir háspennulínurnar þarf að huga að því að draga úr ásýnd línanna við framangreinda staði og bera saman kosti. Á heildina litið er talið að sjónræn áhrif verði nokkuð neikvæð.

Heilsa/hljóðvist: Áhrif uppbyggingar iðnaðar á heilsu íbúa eru talin óveruleg. Ástæða þess er fyrst og fremst að engin íbúðarbyggð er innan tillögu að þynningarsvæði. Hávaði frá iðnaðarsvæðinu vegna álvers í Helguvík hefur verið metinn og leiddu niðurstöður í ljós að áhrif helstu hljóðuppspretta fyrirhugaðs álvers, það er þurrhreinsivirki og löndunarkrani við höfnina, á hljóðvist í byggð í nágrenninu verða óveruleg. Hávaði í allra næsta nágrenni álversins og við höfnina verður nokkur en vel innan viðmiðunargilda. Hljóðstig frá núverandi iðnfyrirtækjum er mun lægra og hefði því hverfandi áhrif á niðurstöður hljóðstigsreikninga. Þess skal þó gætt að þau uppfylli reglugerð 933/1999 um hávaða.

Samfélag: Helstu áhrif uppbyggingar iðnaðarsvæðis við Helguvík á samfélag eru fjölgun starfa, aukin fjölbreytni í störfum og uppbygging á annarri þjónustu sem tengist iðnaðaruppbyggingu við Helguvík. Til að mynda skapast ágætis tækifæri fyrir þjónustufyrirtæki að byggja upp starfsemi sína á iðnaðarsvæðinu í grennd við álverið. Tilkoma álversins gæti þannig hraðað uppbyggingu iðnaðarsvæðisins. Áhrif fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á samfélag eru því talin jákvæð.

3.4.1 VÖKTUN

Framkvæmd aðalskipulagsbreytinganna leiðir af sér framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.br. Vöktun vegna umhverfisáhrifa álvers á iðnaðarsvæði því sem hér um ræðir er á höndum framkvæmdaraðila og er gerð nánari grein fyrir ítarlegri vöktunaráætlun í frummatsskýrslu þeirrar framkvæmdar.

3.5 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR

Álver við Helguvík og lagning háspennulína að álveri eru framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 106/2000 m.s.b. Þá fellur fyrirhuguð hafnarframkvæmd undir lið 13a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum og er því tilkynningarskyld.

Mat á umhverfisáhrifum álvers við Helguvík er langt komið og er frummatsskýrsla auglýst samhliða breytingum á aðalskipulagi.

Mat á umhverfisáhrifum háspennulína að iðnaðarsvæðinu er hafið en ekki er með fullu vitað hvenær niðurstöður þess munu liggja fyrir.

Vinna við fyrirspurnarskýrslu vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda stendur yfir.

4 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Aðalskipulagsbreytingarnar kalla á gerð deiliskipulags fyrir iðnaðarsvæðið við Helguvík.

Bornir voru saman staðsetningarkostir fyrir iðnaðarsvæði, álverslóð og legu háspennulína að iðnaðarsvæði. Tekin var sú ákvörðun að staðsetja iðnaðarlóð í Helguvík, m.a. vegna nálægðar við höfn og flugvallarsvæði. Staðsetning álvers er talin hentugust á lóð sem að mestu er í Sveitarfélaginu Garði, m.a. vegna þrengsla við önnur iðnfyrirtæki og eins er þessi staður fjærst íbúðarbyggð. Lega lína að iðnaðarlóð hefur ekki endanlega verið ákveðin. Sú leið sem lögð er fram á skipulagsupprætti er sú sem bæjarfélögin telja besta miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir á þessari stundu. Ítarlegri umræða um línuleið mun fara fram á seinni stigum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar.

Á heildina litið stangast fyrirhugaðar skipulagsbreytingar ekki á við helstu stefnumið skipulagsáætlana sveitarfélaga né aðrar áætlanir og samninga ríkisins sem horft var til.

Þeir umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingarnar voru taldar geta haft áhrif á voru eftirfarandi: Loft, vatn, jarðfræði, gróður, dýralíf, fornleifar og menningarminjar, landslag og sjónræn áhrif, heilsa/hljóðvist og samfélag. Áhrif á náttúruferir eru bein en talin óveruleg þar sem breytingarnar eru utan svæða á náttúruminjasrá. Fyrirhugaðar háspennulínur fara að einhverju leyti yfir eldhraun, sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Sjónræn áhrif verða bæði vegna mannvirkja og háspennulína. Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skal leggja áherslu á að lágmarka sjónræn áhrif eins og kostur er. Fornleifar er að finna innan iðnaðarsvæðisins en áhrif á þær eru talin óveruleg. Óvissa er með fornleifar vegna línustæðis. Áhrif vegna hljóðvistar eru talin óveruleg vegna fjarlægðar iðnaðarsvæðis frá íbúðarbyggð. Útblástur CO₂ frá álveri er innan þeirra marka sem Kyotobókunin setur fyrir Ísland. Þynningarsvæði loftmengunar setur þær kvaðir að föst búseta er ekki leyfð innan þess. Uppbygging iðnaðar við Helguvík er talin hafa í för með sér jákvæð áhrif á samfélag á svæðinu sem felur í sér fjölgun starfa, aukna fjölbreytni í störfum og uppbyggingu á annarri þjónustu sem tengist iðnaðaruppbyggingu við Helguvík.

Vöktun vegna umhverfisáhrifa álvers á iðnaðarsvæði því sem hér um ræðir er á höndum framkvæmdaraðila og verður gerð nánari grein fyrir ítarlegri vöktunaráætlun í frummatsskýrslu þeirrar framkvæmdar.

Skipulagsbreytingarnar fela í sér tvær framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda í samræmi við lög nr. 106/2000 m.s.b. og eina tilkynningarskylda framkvæmd. Hér er um að ræða álver við Helguvík og háspennulínur að álveri sem eru matsskyldar og stækkun hafnar sem er tilkynningarskyld. Vísað er í matsferli þessara verkefna varðandi ítarlegri upplýsingar um umhverfisáhrif.